

ICELANDIC RESEARCH FUND

FINAL REPORT

The final report covers the calendar year (01.01. - 31.12.)

A signed copy of the final report shall be submitted to Rannís by email to rannsoknasjodur@rannis.is

– Subject: IRF - Final report.

Grant number: 184976-051

Project title: Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking (My Favourite Things: Material Culture Archives, Cultural Heritage and Meaning)

Project leader: Sigurður Gylfi Magnússon

Project leader email: sgm@hi.is

Type of grant: Grant of Excellence (öndvegisstyrkur)

Expert panel: Humanities and Arts

Signatures to certify that all information in the **final scientific** and **budget reports** is correct and that the reports include all relevant information:

Date and place Reykjavík, 25. janúar 2024
Project leader 
Person responsible for research facilities 

To be filled out by Rannís:

Date final report received	
Grant previously paid	
Grant paid upon approval of final report	
Final report approved (date and signature)	

SCIENTIFIC REPORT

Note: A financial report for the project is submitted separately.

1. Project leaders final report (2-4 pages)

Mikið ævintýri er nú að baki þegar þessu öndvegisverkefni er lokið. Mér er óhætt að segja að það hafi haft veruleg áhrif á alla þátttakendur sem voru hluti af verkefninu, bæði innlenda og erlenda vísindamenn. Það er erfitt að lýsa hvers konar tækifæri okkur var fært í hendur þegar við fengum úthlutað þessum öndvegisstyrk. Heimsins hnoss verkefnið hefur blómstrað og afrakstur þess hefur verið margfaldur af því sem lagt var upp með.

Í liðnum „Deliverables“ í umsókn okkar kom eftirfarandi fram:

An edited book intended for an Icelandic readership – published in the book series *Anthology from Icelandic Popular Culture (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar)* by the University of Iceland Press where the main findings will be discussed, and how the study both complements and parallels previous research done by others. The book will be submitted for publication at the end of the research period.

Og síðar í sama lið:

Articles (10–12) on a wide range of topics will be submitted to various peer-reviewed international journals. The articles will be interdisciplinary in nature reflecting the collaboration of the strands and will be supported by the interdisciplinary panels throughout the whole research period.

Útkoman var margföld á við það sem þarna var boðað.

Hópurinn lenti í Covid faraldrinum eins og fleiri en þegar allt koma til alls þá kom þessi tæplega tveggja ára töf ekki að sök. Við náðum að vinna vel úr okkar málum eftir að við fengum jákvætt svar frá starfsmönnum Rannís við þeirri beiðni að vinnunni yrði haldið áfram eftir að faraldurinn rynni sitt skeið á enda. Fyrir bragðið stóð þetta öndvegisverkefni okkar yfir í fimm ár sem ég held að hafi reynst okkur dýrmæt tímalengd þó svo að við hefðum ekki fengið viðbótarfjármagn vegna þessarar tafar, enda var ekki óskað eftir því. Vegna þessarar lengdar tímabilsins sem styrkurinn náði yfir þá tókst okkur að koma frá okkur gríðarleg miklu efni eins og rakið er hér að neðan.

Af gefnu tilefni langar mig til að leggja til að öndvegisstyrkir Rannís verði í framtíðinni veittir til fimm ára. Vinna af þessu tagi er það umfangsmikil að það fæst mikið meira út úr verkefnum með því að dreifa þeim yfir fimm ára tímabil í stað þriggja með sömu fjárhæð.

Eins og fram kom hér að framan þá lögðum við upp með það að birta á tímabilinu eitt ritgerðarsafn á íslensku og 10–12 greinar sem birtust í erlendum tímaritum. Niðurstaðan varð allt önnur. Á vegum verkefnisins komu út 11 bækur; sex sem hafa verið gefnar út erlendis, fimm hér á landi. Hluti af þessum 11 bókum eru fjögur ritgerðarsöfn sem eru hvert með 15 til 18 ritgerðir; þrjú eru gefin út á okkar vegum en eitt er gefið út af samstarfsaðilum þar sem hluti vísindamanna í Heimsins hnoss tóku þátt í að skapa það. Greinar sem hafa birst í tímaritum og bókum eru 18 en þar að auki eru greinarnar sem hafa birst í ofantöldu ritgerðarsöfnum. Það má því segja að ritgerðarfjöldinn sem unninn hefur verið á vegum

verkefnisins sé margfaldur á við það sem lagt var upp með (sjá lista hér að neðan). Greinarnar eru því allt í allt 71 talsins.

Hópurinn sem hefur unnið að þessum öndvegisverkefni síðustu fimm árin hefur staðið þétt saman. Við byrjuðum strax á því að hittast vorið 2018 til að ráða ráðum okkar á heils dags vinnufundi þar sem við lögðum drög að verkefninu öllu. Í kjölfar fylgdu reglulegar vinnubúðir sem byggðar voru upp í kringum komu erlenda vísindamanna sem voru á vegum þráðanna – hver þráður fékk tækifæri til að bjóða heimspekkum erlendum vísindamanni hingað heim til skrafs og ráðagerða. Oft fylgdi þessum heimsóknum smærri ráðstefnur og fundir sem allt háskólasamfélagið fékk tækifæri til að sækja. Einnig voru haldnir reglulegir fundir strandvarða (Strand leaders), eins og þeir voru nefndir í okkar verkefni, þar sem hópurinn tók ákvarðanir saman bæði um hvernig við vildum verja okkar fjármunum og hvaða skref væri best að taka í næstu áföngum. Þessi fundir voru mjög gagnlegir og tryggt var að allir vissu hvert stefndi í verkefninu. Eins og rakið er hér að neðan þá sótti hópurinn ráðstefnur og fundi erlendis á vegum verkefnisins og allt þetta skilaði sér í mikilli virkni þátttakenda.

Ég lagði ríka áherslu á að fara vel með það fjármagn sem úthlutað var til verkefnisins. Mér fannst ábyrgðin vera mikil sem á herðum okkar hvíldi og þess vegna ákvað ég að nýta eins og kostur væri bæði heimili mitt hér í Reykjavík til fundahalda og svo hús sem fjölskyldan á upp í Kjós. Þetta gerði það að verkum að við þurftum nær aldrei að greiða fyrir fundaraðstöðu og oft var eingöngu hráefni keypt til matar og eldað heima. Allt þetta skipti máli til að halda kostnaði niðri. Við vorum svo í mjög góðu sambandi við Þjóðminjasafn Íslands sem var beinn þátttakandi í verkefni okkar, bæði í hinni mögnuð sýningu sem við settum upp í Bogasal safnsins sem stóð í nær heilt ár og svo aftur lánuðu forstöðumenn safnsins okkur fyrirlestrasalinn nokkrum sinnum, okkur að kostnaðarlausu. Allt hafði þetta mikið að segja fyrir verkefnið í heild og hvernig við héldum utan um það frá upphafi til enda. Við ræktuðum sem sagt hinn félagslega þátt verkefnisins af kappi og ég tel að það hafi skipt nemendurna sem komu að vinnu okkar mjög miklu máli. Þau sátu til borðs með heimspekkum vísindamönnum sem gáfu sig á tal við þau og fengu innsýn inn í þeirra þátt í verkefninu. Ég óskaði sérstaklega eftir því að þeim væri sinnt með þessum hætti og tókst það jafnan vel. Allt skipti þetta miklu máli fyrir verkefnið sjálft og okkur sem nutum þeirra forréttinda að vera þátttakendur í því.

Við verkstjórnina naut ég liðsinnis strandavarðanna fimm og sérstaklega framkvæmdastjórnarinnar sem var skipuð svona óformlega og var mér til halds og trausts. Það voru þeir Davíð Ólafsson, Kristján Mímisson og svo Andri M. Kristjánsson sem var ráðinn sérstaklega sem starfsmaður verkefnisins. Mikilvægi þeirra var stórt enda fengu þeir á sínar herðar vandasöm verkefni til úrlausnar. Andri sá um daglegan rekstur verkefnisins í samvinnu við mig og Kristján og Davíð tóku að sér að mikilvæga ritstjórn beggja ritgerðasafnana – *Heimsins hnoss* og *Objects in the Archives* – en bæði eru þau talsvert yfirgripsmikil og hafa mikla þýðingu fyrir verkefnið í heild sinni.

Við réðumst strax í það að vinna bæði fyrir opnum tjöldum ef svo má að orði komast og kynna efni okkar sem víðast og sem oftast. Í því sambandi settum við á fót vefsíðu – www.hh.hi.is – þar sem verkefnið var kynnt strax í upphafi og síðan settum við inn efni sem tengdist starfinu eftir því sem á leið vinnuna. Andri hafði veg og vanda af heimasíðunni og sá til þess að efni frá okkur færi þar inn. Þess má geta að hann var í hlutastarfi en síðar var starfshlutfall hans stækkað og bætt við þriggja mánaðar fræðilegri vinnu við verkefnið. Okkur var umhugað að láta gott af okkur leiða inni í hið akademíska umhverfi Háskóla Íslands en

einnig að gefa almenning kost á að fylgjast með framvindu okkar verkefnis. Þess vegna var vefurinn mikilvægur í okkar starfi.

Snar þáttur í verkefninu öllu var vinna bæði doktorsnema og meistaranema. Þau hófu þrjú doktorsvinnu sína hjá okkur; Kristján Mímisson lauk sinni ritgerð í upphafi árs 2020 og Anna Heiða Baldursdóttir sinni árið 2023. Finnur Jónasson hóf doktorsvinnuna strax í upphafi verksins en varð að hverfa frá námi vegna veikinda eftir rúmt eitt og hálf ár. Hann er að ljúka við M. Phil-ritgerð á næstu misserum og stórum gagnagrunni sem hann var búinn að vinna mikið áður en hann hvarf frá námi. Í hans stað kom Ólöf Gerður Sigfúsdóttir safnafræðingur inn í verkefnið og hún lauk sinni doktorsritgerð á haustmánuðum 2022. Allt þetta fólk ásamt þremur MA nemum lagði mikið að mörkum til verkefnisins og það var mikill fengur af veru þeirra í okkar hópi. Okkur tókst að skapa akademíu innan akademíunnar, ef svo má að orði komast, sem hvatti þau mjög til dáða. Enda luku þau verkum sínum með sóma, til dæmis náði Anna Heiða að ljúka sinni ritgerð á aðeins fjórum árum sem er allt af því einstakt innan Hugvísindasviðs. Ég lagði áherslu á að framhaldsnemarnir héldu hópinn eins mikið og kostur væri og í því sambandi leigði Hugvísindasviðið rúmgott húsnæði í Nýja garði fyrir þennan hóp og þar sátu þegar best lét sex vísindamenn og stunduðu sín fræði. Þarna varð til ákveðið samfélag sem studdi hvert við annað.

Við verkefnið allt fengum við aðstoð starfsfólks Hugvísindasviðs sem stóð þétt við bakið á okkur. Við þinguðum mikið með rannsóknarstjóra sviðsins, Eiríki Smára Sigurðssyni, sem og Margréti Guðmundsdóttur sem hélt utan um fjármál verkefnisins á vegum Hugvísindasviðs og Guðmundi Herði Guðmundssyni sem sér um kynningarmál á Hugvísindasviði. Það var ómetanlegt að hafa aðgang að þessu góða fólki sem og sviðsforsetunum tveimur þeim Guðmundi Hálfðanarsyni og núverandi forseta þess, Ólöfu Garðarsdóttur.

Samskiptin við erlendu samstarfsaðilana hafa verið til mikillar fyrirmyndar. Þau sem sóttu okkur heim lögðu mikið til málanna, unnu sérstaklega vel með framhaldsnemunum og gerðu sér glaðan dag með okkur eftir margskonar uppákomur sem þau tóku þátt í. Allt þetta hafði mikil áhrif á okkur öll og þarna mynduðust tengsl sem mun halda áfram að virka inn í framtíðina. Sem dæmi má nefna að Karen Harvey, prófessor við háskólann í Birmingham, kom til Íslands tvisvar sinnum; bæði í upphafi verkefnisins og svo á lokaráðstefnuna í ágúst 2023. Eftir þessi samskipt öll lagði hún áherslu á að halda tengslunum og nú hefur hún í huga að dvelja hér á landi í upphafi árs 2025 í fjóra og hálfa mánuð og hefur sótt um styrk á Englandi vegna þessarar fyrirhuguð dvalar sinnar hér á landi. Hún hefur áhuga á að vinna áfram með okkur að ákveðnum viðfangsefnum sem tengjast verkefninu Heimsins hnoss.

Það er engum blöðum um það að fletta að hópinn sem hefur staðið að þessu öndvegisverkefni hefur verið mjög sýnilegur í hinum akademíska heimi. Til marks um það þá má fullyrða að í það minnsta 80 fyrirlestrar hafi verið fluttir hér heima og erlendis af hópnum og segja má að þessi tala sé varlega áætluð.

· **Participants and their role in the project**

Davíð Ólafsson, Kristján Mímisson, Már Jónsson, Þóra Pétursdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Sigurjón Baldur Hafsteinsson, Gavin Lucas, Anna Lís Rúnarsdóttir, Anna Heiða Baldursdóttir, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Finnur Jónasson og Andri M. Kristjánsson voru öll hluti af kjarnahópnum. Þetta er hópinn sem tók virkan þátt í öllu starfi verkefnisins. Finnur Jónasson hvarf frá eftir um það bil eitt og hálft ár en Anna Lís fékk stærra hlutverk innan okkar vébanda þegar hún hvarf frá starfi rannsóknarstjóra Þjóðminjasafns. Það var mikill

fengur fyrir verkefnið að fá hana að verkefninu af meiri þunga en áður. Að auki buðum við dr. Ágústu Edwald Maxwell fornleifafræðingi, Guðnýju Hallgrímsdóttur sagnfræðingi, dr. Arndísi Bergsdóttur safnafræðingi og dr. Sólveigu Ólafsdóttur sagnfræðingi að vinna með okkur sem þær og gerðu. Framlagi þeirra var mikilvægt enda voru þær að sinna rannsóknum sem féllu vel að okkar viðfangsefni. Loks tóku MA nemarnir sömuleiðis þátt í starfi okkar með einum eða öðrum hætti en þau voru Arnheiður Steinþórsdóttir, Guðrún Hildur Rosenkjær og Þorgerður Þórhallsdóttir.

· Summary of the project

Describe the progress of the project; main results, milestones reached and other achievements or outputs. Please refer to the milestones in the application. If there are deviations from the original research plan, please explain the need or rationale for those changes.

Til grundvallar þessu öndvegisverkefni Heimsins hnoss lágu ólíkar gerðir munasafna, annars vegar gripir varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands og hins vegar skráningar á dánarbúum – svokallaðar uppskriftir – rúmlega 33 þúsund Íslendinga sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Þannig hefur verið lögð áhersla á hugtakið *safn* og ólíkar merkingar þess, sem birtist meðal annars í hugtökunum *archive*, *collection* og *museum* á ensku. Í verkefninu var rýnt í tilurð munasafna, hvort sem þau eru samsett úr gripunum sjálfum eða birtast í textalegum skráningum þeirra. Jafnframt var spurt hvaða myndir slík söfn gefa af efnisveruleika hverdagslífs fyrr á tíð og hvernig slíkum myndum er miðlað.

Fjöldmargar spurningar hafa skotið upp hjá þátttakendum í rannsóknarverkefninu þegar litið er til uppskrifta dánarbúa. Þar má til dæmis nefna: Hvernig lýsa þær efnahag þjóðar? Hvaða samræmi er á milli uppskriftanna og safnakosts íslenskra minjasafna? Hvernig falla uppskriftirnar að fræðilegri orðræðu um efnisveruleika eða æviferli hluta? Hvernig þjóðfélags- og persónugervi birtist okkur í uppskriftunum? Hvernig endurspeglar uppskriftirnar sambærileg gögn annars staðar í veröldinni? Hvaða upplýsingar um huglægt og efnahagslegt verðmæti hluta má vinna úr uppskriftunum? Markmið vísindamannanna sem stóðu að verkefninu var að reyna að svara þessum spurningum til að kanna hversdagslíf fólks á fyrri tíð á nýjan og spennandi hátt og tengja saman efnisveruleikann, tilfinningalíf og hversdagslega reynslu fólks frá 18. og fram á 20. öld. Ég tel að það hafi tekist og fyrst og fremst náðum við að draga fram heildstætt þessa merkilegu heimild sem uppskriftirnar eru og sýna fram á mikilvægi þeirra og hvernig hægt er að nýta þær með fjölbreyttum hætti.

Ein af vörðum þessa verkefnis er hin kerfisbundna skráning uppskrifta yfirvalda á dánarbúum fólks á 18. og 19. öld. Sú vinna var forsenda fyrir því að hægt væri bæði að bera upp framangreindar spurningar og að gera tilraun til að svara þeim. Hópurinn hefur gert atlögu að þessu efni með ýmsum hætti og eitt af því sem hægt hefur verið að gera er að skoða sérstaklega munasafn Þjóðminjasafns Íslands – þetta safn sem geymir kjörgrípi þjóðarinnar – og bera þá saman við það sem fram kemur í uppskriftunum. Engum blöðum er um það að fletta að Þjóðminjasafnið endurspeglar ekki daglegt líf fólks á þessu tímabili nema að takmörkuðu leyti. Það er mikið frekar hægt að halda því fram að það sé listmunasafn eins og það liggur fyrir núna. Þessi niðurstaða mun hafa mikið að segja um vægi Þjóðminjasafnsins í framtíðinni og hvaða hlutverki það muni gegna sem þekkingarsetur á næstu árum og áratugum.

Hópurinn sem er mjög þverfræðilegur – kemur frá safnafræði, fornleifafræði, bókmenntafræði, sagnfræði, mannfræði, menningarfræði – allt greinar sem tengjast bæði hug- og félagsvísindum, nálgadist viðfangsefni sín út frá ýmsum ólíkum leiðum. Þessi samsetning

hópsins hafði mikil áhrif á hvernig vinnan þróaðist og hvaða spurningar voru efstar á baugi í vinnu hans.

Úrvinnsla hópsins fór langt fram úr væntingum og afraksturinn sem rakinn er hér að neðan birtist á fjölbreyttan hátt í bókaútgáfu – innlendri og erlendri – greinaskrifum á vettvangi sem gera miklar fræðilegar kröfur, í gerð þriggja gagnagrunna og loks í miðlun efnis á ýmsum sviðum mannlífsins. Þátttakendur tóku þátt í akademískri samdrykkju bæði innan lands og erlendis sem hafði mikil áhrif á hvernig verkefnið þróaðist og efndu þannig til fræðilegra kynna sem mun hafa áhrif á starf einstakra vísindamanna til framtíðar. Allt þetta skiptir máli í stóra samhenginu því niðurstöður hópsins munu síðan halda áfram að skila sér til dæmis í gegnum kennslu og framhaldsrannsóknir fólks.

Auðvitað tók svona stórt rannsóknaverkefni breytingum á meðan á tímabilinu stóð en sú langstærsta var vegna Covid ástandsins í heiminum. Við unnum að endurskilgreiningu vinnunnar í góðu samráði við starfsmenn Rannís en samt má segja að meginþráður verkefnisins hafi haldið sér að mestu leyti.

· Publications

List publications, manuscripts and conference proceedings, PhD and MSc thesis resulting from the project. Report how publications are in accordance with the IRF's open access policy.

Gagnagrunnur:

Már Jónsson, „Dánarbú – Gagnagrunnur.“ Tekur til uppskrifta dánarbúa, skiptabóka og uppboða sem til eru frá 18. og 19. öld. Hýst á heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands. Sjá: <https://danarbu.skjalasafn.is/> – Grundvallarverk fyrir verkefnið Heimsins hnoss. – Í opnum aðgangi.

Finnur Jónasson, „Þurfamenn á vegum Reykjavíkurbæjar 1900–1940.“ Stór gagnagrunnur um fátækramál í Reykjavík sem tengist öðrum efniflokkum í Borgarskjalasafni. Gagnagrunnurinn er enn í smíðum en mikil vinna hefur farið í gerð hans. Hann verður hýstur á vef Borgarskjalasafns í opnum aðgangi.

Sigurður Gylfi Magnússon, „Sjálfsbókmenntir.“ Gagnagrunnur með efnisteknum upplýsingum um hundruð sjálfsbókmennta (sjálfsævisögur, endurminningar og samtalsbækur). Ragnhildur Björt Björnsdóttir BA nemi vann við grunninn og mun halda þeirri vinnu áfram á næsta ári. Gagnagrunnurinn verður hýstur á vegum Miðstöðvar starfrænna hugvísinda og lista (<https://mshl.is/>) í opnum aðgangi en sú stofnun hefur aðstoðað við útfærslu verkefnisins.

Sýningar:

„Heimsins hnoss: Lúinn kistill, silfurskeið og nærbuxur (með gati).“ Bogasalur Þjóðminjasafns Íslands – sýningin stóð frá nóvember 2022 fram í miðjan september 2023. Sýningin miðlaði hluta af afrakstri öndvegisverkefnisins þar sem tveimur söfnum var teft saman; munasafni Þjóðminjasafns og uppskriftabókum sýslumanna sem varðveittar eru í Þjóðskjalasafni Íslands. Kristján Mímisson hélt utan um vinnu við gerð sýningarinnar en þá hafði hann nýverið tekið við starfi innan safnsins og gat fylgt rannsóknarvinnu hópsins eftir

inn á safnið. Hann vann þetta í nánú samstarfi við Söru Hjördísi Blöndal sýningarhönnuð, Bryndísi Erlu Hjálmarasdóttur sýningarstjóra og fjölmarga sérfræðinga safnsins. Áður en starfsmenn Þjóðminjasafnsins tóku til við að skapa sýninguna hafði rannsóknarhópurinn þingað oft frá því að verkefnið fór af stað árið 2018 með það í huga að búa í hagin fyrir lokaniðurstöðuna.

Samhliða sýningunni héldu þátttakendur í öndvegisverkefninu sjö opna fyrirlestra í sal Þjóðminjasafnsins fyrir almenning. Þeir sem fluttu sína fyrirlestra voru Már Jónsson (15. nóvember 2022); Davíð Ólafsson (29. nóvember 2022); Guðrún Hildur Rosenkjær (31. janúar 2023); Anna Lís Rúnarsdóttir (7. mars 2023); Anna Heiða Baldursdóttir (28. mars 2023); Guðný Hallgrímsdóttir (25. apríl 2023); Sigurður Gylfi Magnússon (23. maí 2023). Sýningin og fyrirlestrarnir vöktu talsverða athygli.

Bækur:

Finnur Jónasson, Sólveig Ólafsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon, *Híbylí fátæktar. Húsnæði og veraldleg gæði fátæks fólks á 19. öld og fram á 20. Öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 24 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2019). – 250 blaðsíður.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Emotional Experience and Microhistory: A Life Story of a Destitute Pauper Poet in the 19th Century*. Microhistories (London: Routledge, 2020). – 162 blaðsíður.

Davíð Ólafsson, *Frá degi til dags: Dagbækur og dagbókaritun á Íslandi á 18., 19. og 20. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 27 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021). – 325 blaðsíður.

Marín Árnadóttir, Daníel Guðmundur Daníelsson, Anna Heiða Baldursdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Atli Þór Kristinsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Þættir af sérkennilegu fólki: Menning eineltis og fátæktar á Íslandi á 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 28 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2021). – 345 blaðsíður.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Archive, Slow Ideology and Egodocuments as Microhistorical Autobiography: Potential History* (London: Routledge, 2022). – 159 blaðsíður.

Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking. Ritstjórar: Davíð Ólafsson og Kristján Mímisson. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 30 (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2022). Í bókinni er að finna 15 greinar – 261 blaðsíður.

Papert Stories: Paper and Book History in Early Modern Europe. Materiale Textkulturen 38. Edited by Silvia Hufnagel, Þórunn Sigurðardóttir and Davíð Ólafsson (Berlin: De Gruyter, 2023). Í bókinni er að finna 18 greinar. – 460 blaðsíður – Open Access. Samstarf við rannsóknarverkefnið „Paper Stories“, undir stjórn Þórunnar Sigurðardóttur rannsóknarprófessors við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sigurður Gylfi Magnússon, *Autobiographical Traditions in Egodocuments: Icelandic Literacy Practices* (London: Bloomsbury, 2023). – 272 blaðsíður.

Objects in the Archives: Modern Material Culture and Heritage in the North. Edited by Kristján Mímisson and Davíð Ólafsson (London: Routledge, 2024). Í bókinni eru 15 greinar – Forthcoming – Open Access.

Þóra Pétursdóttir, *Síldarævintýri: Að segja sögur með hlutum*, Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar (Reykjavík: Háskólaútgáfan) – Forthcoming.

Collecting the North. Arctic Humanities. Edited by Ulrike Spring and Lene Liebe Delsett (Leiden: Brill, 2024) – Forthcoming 2024. Fimm þátttakendur í Heimsins hnoss verða með greinar í þessu ritgerðarsafni.

Greinar:

Dóra Pétursdóttir, “Anticipated futures? Knowing the heritage of drift matter.” *International Journal of Heritage Studies* 20/1 (2019), 87–103 Online:
<https://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/13527258.2019.1620835>

Sigurður Gylfi Magnússon, “The Icelandic Biography and Egodocuments in Historical Writing.” *Different Lives. Global Perspectives on Biography in Public Cultures and Societies.* Biography Studies. Hans Renders and David Veltman eds., in collaboration with Madelon Nanninga-Franssen (Leiden: Brill, 2020).

Már Jónsson, “Probate Proceedings and Inheritance in Eighteenth-century Iceland.” *Nordic Inheritance Law through the Ages. Spaces of Action and Legal Strategies.* Editors Marianne Holdgaard, Auður Magnúsdóttir og Bodil Selmer (Leiden and Boston: Brill 2020), 210-230.

Sigurður Gylfi Magnússon, “Microhistory.” *Routledge Handbook of Research Methods in the Study of Religion.* Second Edition. Micheal Stausberg and Steven Engler eds. (London: Routledge, 2021).

Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, “In the Name of Barefoot Historians: In-Between Spaces within the Icelandic Educational System.” *Education Beyond Europe – Models and Traditions before Modernities.* Cristiano Casalini, Edward Choi, and Ayenachew Woldegiyorgis eds. (Leiden: Brill, 2021).

Sigurður Gylfi Magnússon, “The Backside of the Biography: Microhistory as a Research Tool.” *Fear of Theory.* Biography Studies. Hans Renders and David Veltman eds. (Leiden: Brill, 2021).

Sigurður Gylfi Magnússon, “The Devil is in the Detail: What is a ‘Great Historical Question’?” *Fear of Theory.* Biography Studies. Hans Renders and David Veltman eds. (Leiden: Brill, 2021).

Sigurður Gylfi Magnússon, “One Story, One Person: The Importance of Microhistorical Research for Disability Studies.” *Understanding Disability Throughout History: Interdisciplinary perspectives in Iceland from Settlement to 1936.* Edited by James Rice and Hanna Björg Sigurjónsdóttir (London: Routledge, 2021).

Ágústa Maxwell og Gavin Lucas, “The Archaeology of Z: Household Economies in Nineteenth-Century Iceland.” *Historical Archaeology* 55: 2021, 238-249.

Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasaga: Eru konur þar einar á blaði? Til varnar kynjafræði.“ *Saga LIX:1* (2021).

Guðný Hallgrímsdóttir, “Independent Women in 18th-Century Iceland. Analysis of the Economic Status of Poor Peasant Women.” *Scandinavian Journal of History* 46:4 (2021).

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, „Safnarannsóknir: Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi.“ – aðgengileg á síðu Rannsóknaseturs í safnafræðum, undir „útgáfa“: <https://fel.hi.is/is/rannsoknasetur/rannsoknasetur-i-safnafraedum>

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, „Curatorial Research as Boundary Work.“ *Curator: The Museum Journal* 64:3 (2021), 421-438.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir “The State of Museum-Based Research among Icelandic Museums.” *Nordic Museology* 2-3, (2021): 81-95.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, “Museum-Based Research: A Typological Exploration.” *Museum Management and Curatorship* 37:1 (2022): 1-12.

Sigurður Gylfi Magnússon, “At the Mercy of Emotions. Archives, Egodocuments and Microhistory.” *The Routledge Modern History of Emotions*. Katie Barclay and Peter N. Stearns eds. (London: Routledge, 2022).

Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson, “Pen, Paper and Peasants: The Rise of Vernacular Literacy Practices in Nineteenth-Century Iceland.” *The Common Writer in Modern History*. Edited by Martyn Lyons (Manchester, Manchester University Press, 2023).

Anna Heiða Baldursdóttir. „Söfn muna. Dánarbúsuppskriftir og safnkostur í Sarpi.“ *Skírnir* 197:2 (2023), 272-294.

Athugið: Hér í þessari upptalningu eru ekki tíundaðar þær greinar sem birtust í hinum fjórum ritgerðarsöfnum sem vísindamenn í Heimsins hnoss verkefninu hafa verið viðriðir. Þær greinar eru rétt um 35 talsins.

Lokaritgerðir:

Kristján Mímisson, *A Life in Stones: The Material Biography of a 17th Century Peasant from the Southern Highlands of Iceland*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2019. Leiðbeinandi: Gavin Lucas.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, *Museum-Based Research: Museological, Institutional, Curatorial and Epistemological Challenges*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2022. Leiðbeinandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

Anna Heiða Baldursdóttir, *Hlutir úr fortíð: Eigur fólks og safngripir frá 19. öld*. Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2023. Leiðbeinandi: Sigurður Gylfi Magnússon.

Þorgerður Þórhallsdóttir, „... vegna tilfinninga vorra og heiðurs þjóðarinnar“: Um söfnun Matthíasar Þórðarsonar á gripum tengdum hannyrðum og búningum.“ MA-ritgerð í safnafræði við Háskóla Ísland, 2021. Sjá: <http://hdl.handle.net/1946/37372>. Leiðbeinandi: Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

Hildur Guðrún Rosenkjær, „Þrjón í íslenskri búningasögu á 18. og 19. öld.“ MA-ritgerð í sagnfræði. Ólokið. Leiðbeinendur: Már Jónsson og Hrefna Róbertsdóttir.

Arnheiður Steinþórsdóttir, „Saumavélar á Íslandi 1865–1920. Útbreiðsla, efnismenning og samfélagsleg áhrif.“ MA-ritgerð í sagnfræði, febrúar 2023. Leiðbeinendur: Erla Hulda Halldórsdóttir og Már Jónsson.

Finnur Jónasson, „Hversdagslíf fátæks fólks – Þurfamenn á vegum Reykjavíkurbæjar 1900–1940.“ M.Phil-ritgerð sem verður lokið árið 2024. Leiðbeinandi: Sigurður Gylfi Magnússon.

2. A short summary of the project in English and Icelandic, to be published on the IRF website and Rannís may use in its communications

- A short easily understandable description of the project, its results and impact

Á íslensku:

Til grundvallar þessu öndvegisverkefni Heimsins hnoss liggja ólíkar gerðir munasafna, annars vegar gripir varðveittir á Þjóðminjasafni Íslands og hins vegar skráningar á dánarbúum – svokallaðar uppskriftir – rúmlega 33 þúsund Íslendinga sem varðveittar eru á Þjóðskjalasafni Íslands. Þannig hefur verið lögð áhersla á hugtakið *safn* og ólíkar merkingar þess, sem birtist meðal annars í hugtökunum *archive*, *collection* og *museum* á ensku. Í verkefninu var rýnt í tilurð munasafna, hvort sem þau eru samsett úr gripunum sjálfum eða birtast í textalegum skráningum þeirra. Jafnframt var spurt hvaða myndir slík söfn gefa af efnisveruleika hverdagslífs fyrr á tíð og hvernig slíkum myndum er miðlað. Markmið vísindamannanna sem standa að verkefninu var að reyna að svara þessum spurningum til að kanna hversdagslíf fólks á fyrri tíð á nýjan og spennandi hátt og tengja saman efnisveruleikann, tilfinningalíf og hversdagslega reynslu fólks á 18. og fram á 20. öld.

Á ensku:

The study is based upon “archives” of different kinds: on the one hand objects preserved in the National Museum of Iceland, and on the other probate records for about 33,000 Icelanders, in the keeping of the National Archives. Thus, the Icelandic term *safn* and its varied meanings (English *archive*, *collection*, or *museum*) have been central to the study. The composition of collections/archives was examined whether the collection consists of tangible objects or of written records of them. In addition, the question was asked: what images do such collections/archives evoke of the materiality of everyday life in the past, and how are such images mediated? But the ideas of the scholars who have undertaken this study involve the utilisation of the two data collections in order to explore people’s everyday lives in a new and interesting way, and to bring together materiality and people’s emotional life and everyday experience from the 18th until the 20th century.

- Information on how the results will be applied

Sjá upptalningu á útgefnu efni hér að ofan.

- A list of the project’s outputs

Public presentations:

Hinn 11. maí 2018

Haldinn kynningarfundurinn í Þjóðminjasafninu á þessum degi. Dagskráin var þessi:

Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking

Hinn 11. maí 2018 var haldin kynningardagskrá á nýju öndvegisverkefni sem hlaut styrk frá Rannsóknarsjóði Íslands (RANNÍ) í ár sem nefnist „Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking“. Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor í Sagnfræði- og

heimspekideild, fer fyrir verkefninu. Dagskráin hefst kl. 12 og verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

Af þessu tilefni heldur Karen Harvey, prófessor í menningarsögu við háskólann í Birmingham á Englandi fyrirlestur sem hún nefnir „Archives of Materiality“ en hún hefur einmitt sérhæft sig í efnismenningarfræðum. Athöfnin er öllum opin og er háskólafólk hvatt til að koma og kynna sér efni rannsóknarinnar sem mun spanna næstu þrjú árin og tengjast mörgum fræðigreinum bæði í hug- og félagsvísindum.

Sjá kynningu á fyrirlestri Karen Harvey sem og stutt æviágrip hennar og loks dagskrá kynningarinnar allrar hér að neðan:

Dagskrá (Kl. 12:00–13:30)

Kl. 12:00 – Ávarp Þjóðminjavarðar, Margrétar Hallgrímsdóttur (flutt á íslensku)

Kl. 12:10 – Guðmundar Hálfðanarsonar forseta Hugvísindasviðs:

„Grants of Excellence and the Humanities“ (flutt á ensku)

Kl. 12:20 – Sigurður Gylfi Magnússon prófessor í Sagnfræði- og heimspekideild:

„Heimsins hnoss – kynninga á öndvegisverkefni“ (flutt á íslensku)

Kl. 12:40 – Karen Harvey prófessor í menningarsögu við Univeristy of Birmingham:

„Archives of Materiality“ (flutt á ensku)

Hinn 26. október 2018

Málstofa á Þjóðarspegli Félagsvísindasviðs. Fjórir meðlimir verkefnisins fluttu fyrirlestra á málstofu sem Andri M. Kristjánsson stjórnaði. Dagskráin var þessi:

Heimsins hnoss: Söfn efnismenningar, menningararfur og merking

Málstofustjóri: Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor í menningarsögu við Háskóla Íslands

Fyrirlesarar: Davíð Ólafsson lektor í menningarfræði við Háskóla Íslands, Kristján

Mímisson, doktorsnemi í fornleifafræði, Anna Heiða Baldursdóttir doktorsnemi í sagnfræði,

Finnur Jónasson doktorsnemi í sagnfræði

Fundarstjóri: Andri M. Kristjánsson

Hinn 30. nóvember 2018

Málstofa 3. þráðar var haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands undir forystu Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar. Að því tilefni var Söndru Dudley prófessor í safnafræðum við háskólann í Leicester boðið að koma til landsins og halda opin fyrirlestur. Á undan fyrirlestrinum var lokaður fundur með meðlimum verkefnisins í turni Þjóðminjasafnsins. Á þeim fundi voru valdir meðlimir innan verkefnisins með kynningar á sínum rannsóknum, auk þess voru doktorsnemi og nýdoktor innan safnafræðinnar með kynningar á sínum rannsóknum. Í kjölfarið gaf Sandra Dudley endurgjöf, bæði á einstaka verkefni og verkefnið í heild sinni. Hún sýndi því áhuga að vera viðloðandi Heimsins hnoss á verkefnistímanum. – Eftir fundinn hafa bæði nýdoktorinn Guðrún Whitehead og doktorsneminn Ólöf Gerður Sigfúsdóttir – báðar í safnafræðum – sýnt því áhuga að vera tengd verkefninu í framtíðinni. Það er mikill fengur að fá þær til liðs við verkefnið og munu þær verða viðriðnar það á sama hátt og þær Guðný Hallgrímsdóttir og Ágústa Edwald Maxwell eru en til þeirra var vísað hér að framan.

Óhætt er að segja að þessi fundur hafi tekist afskaplega vel og veitti mörgum í okkar hópi góðan innblástur. Upptöku með fyrirlestri Söndru Dudley er að finna á heimasíðu verkefnisins. Nokkur hópur vísindamanna fór svo með henni og maka hennar út að borða á veitingastað í Reykjavík.

Mars 2019

4.-5. mars fór föruneysi á vegum Heimsins hnoss til Tampere í Finnlandi til að taka þátt í ráðstefnu sem haldin var af öndvegisrannsóknarmiðstöðinni [HEX](#) (History of Experience). Alls voru 4 fyrirlestrar fluttir af meðlimum verkefnisins þar sem þeir kynntu sýnar rannsóknir. Allir fyrirlesararnir fluttu erindin á mánudeginum 4. mars.

Hinn 9. mars. Hugvísindaping 2019

Margir þátttakendur í Heimsins hnoss verkefninu tóku þátt á þessu þingi. Það á meðal málstofan „Tímanna tákn: Almanök og efnismenning á 19. öld“, 9. mars kl. 10.30–12.00. Andri M. Kristjánsson: Almanök á Íslandi á 18. og 19. öld: Framleiðsla, dreifing og notkun. Kristján Mímisson: Að beisla tímann: Almanök og efnislegt utanumhald tímans á 19. öld. Davíð Ólafsson: „Nú árið er liðið ...“. Alþýðleg textamenning og varðveisla almanaka á 19. öld.

Hinn 21.-22. mars 2019

Á vegum 4. þráðar sem Þóra Pétursdóttir og Kristján Mímisson stjórnðu var hinn 21. og 22. mars boðað til tveggja daga fundahalda í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Hinn 21. hélt hinn heimsfrægi vísindamaður Jane Bennett fyrirlestur undir yfirskriftinni „Out for a Walk“ og var sá fyrirlestur mjög vel sóttur. Jane Bennett er Andrew W. Mellon Prófessor í Hugvísindum við Johns Hopkins háskólann í Baltimore. Rannsóknarsvið hennar nær til kennilegrar stjórnmálafræði, vistfræðilegrar heimspeki, pólitískrar hugsunar í Bandaríkjunum, pólitískrar mælskufræði og samtíma kenninga í félagsvísindum. Fyrir fundinn var haldinn lokaður bröns-fundur á heimili Sigurður Gylfa með öllum vísindamönnum í HH-verkefninu og gestunum tveimur, þeim Jane Bennett og Bjørnar Olsen, en sá síðarnefndi er hluti af erlenda vísindahópi verkefnisins. Þar fengum við tækifæri til að ræða um verkefnið á frjálsglegan hátt og stöðu þess og um leið að fá hugmyndir frá okkar góðu gestum. Óhætt er að segja að þessi fundur hafi verið afar vel heppnaður. Gestirnir fengu einnig færi á að ræða við MA- og doktorsnema með óformlegum hætti.

Hinn 22. mars var framhald á þessari upptöku þegar haldin var opin málstofa í Þjóðminjasafninu undir titlinum „Things adrift – Material Archives / Hlutir á reki – söfn efnismenningar“. Á málstofunni fjölluðu sex fræðimenn, sem tengjast öndvegisverkefninu á mismunandi hátt, um efnismenningarfræði frá ólíkum sjónarhornum. Á fyrri hluta málstofunnar var fjallað um það hvernig hlutir birtast okkur í uppskrifabókum dánar- og skiptabúa á 19. og öndverðri 20. öld, en á síðari hluti málstofunnar var kennileg efnismenningarfræði rædd. Jane Bennett var þátttakandi úr sal og gerði sér far um að taka þátt í umræðunum um einstaka fyrirlestra.

Maí 2019

Hinn 3.-5. maí fóru meðlimir Heimsins hnoss á North American TAG ráðstefnuna við Syracuse Háskólann í Bandaríkjunum. Á ráðstefnunni bauð rannsóknarverkefnið Heimsins hnoss upp á málstofu sem nefndist *The Historicity of the Small and Ordinary*. Þátttakendur í málstofunni voru 13 og fyrirlestrarnir voru alls 11. Fjórir hnossarar, þau Anna Heiða Baldursdóttir (*Servants Possessions in Icelandic Inventories*), Davíð Ólafsson (*Studying Manuscripts as Material Artifacts: cases of cultural history and material philology from 19th century Iceland*), Kristján Mímisson (málstofustjóri; *Who are the Small and Ordinary, and what is their History?*) og Sigurður Gylfi Magnússon (*The 'Slow' Process of Historical Analysis: Microhistory, Material Culture 'Archives' and Life*), tóku þátt í málstofunni. Þess utan bauð verkefnið Mary C. Beaudry (*Maids' Thimbles, Ladies' Bodkins: Needlework Tools and Personal Identity*), prófessor við Boston University, sem er jafnframt þátttakandi í erlenda samráðshópi verkefnisins og Moniku Stobiecka (*Digital Sorcery and Negative Artifacts*), ungum fræðimanni við Varsjárháskóla. Málstofan var mjög vel sótt.

Ágúst 2019

Hinn 29. ágúst komu Ewa Domanska prófessor í mannvísindum við Adam Mickiewicz háskólann í Pozna, Póllandi og Mary C. Beaudry prófessor í fornleifafræði, mannfræði og mannfræði matargerðarmenningar við Boston háskólann í Bandaríkjunum til landsins í boði Heimsins hnoss. Þær héldu opna fyrirlestra í Norræna húsinu í boði verkefnisins en báðar eru þær hluti af erlendu vísindanefnd verkefnisins. Auk þess að vera prófessor í mannvísindum við Adam Mickiewicz háskólann hefur Ewa gegnt stöðu gestaprófessors við deild menningar- og félagfræðilegrar mannfræði við Stanford háskóla í Bandaríkjunum síðan 2002. Ewa Domanska hefur m.a. stundað rannsóknir á kenningum og sögu sagnfræðiritunar, samanburðar rannsóknir á kenningum hugvísinda og félagsvísinda og síð-mannhverfum rannsóknum á fortíðinni. Mary Beaudry hefur m.a. lagt stund á rannsóknir í sögulegri og iðnaðar fornleifafræði innan Bandaríkjanna og á Bretlandseyjum, samanburðar nýlendufræðum, snertiflötum menningaheima, kyngervi og sanngirni, matarmenningu og matreiðsluhefðum og fornleifafræði heimilishalds svo eitthvað sé nefnt.

Daginn eftir, hinn 30. ágúst, hélt verkefnið heilsdags vinnubúðir fyrir meðlimi Heimsins hnoss að Hótel Glym í Hvalfirði. Þar fluttu þátttakendur í verkefninu fyrirlestra um sínar rannsóknir og fengu endurgjöf frá öðrum meðlimum verkefnisins sem og Ewu Domanska og Mary Beaudry, en þær tvær síðastnefndu höfðu fengið útdrætti af fyrirlestrunum fyrirfram til að geta gefið betri ábendingar eftir hvern fyrirlestur.

September 2019

Hinn 28. september tók verkefnið þátt í Vísindavöku Rannís þar sem meðlimir kynntu helstu áherslur verkefnisins fyrir almenningi.

Vorið 2020 – þegar allt breyttist!

Hópur þátttakanda úr HH-verkefninu ætlaði að halda í boði MicroLab verkefnisins í Duke University, USA, undir forystu Tomas Robisheaux, prófessors við sagnfræðideild skólans, í tíu daga ferð þar sem vinna átti í vinnubúðum undir yfirskriftinni: „Microhistory, Archive and Stories“. Dr. Robisheaux ætlaði að bjóða hópnum til þessarar vísindalegu samdrykkju; fjórum úr Heimsins hnoss-verkefninu og hópi fólks í kringum Duke háskólann sem og öðrum vísindamönnum frá Bandaríkjunum. Lagt var upp með áherslur á bæði aðferðafræðilegar nálganir sem og „case“ sem hver og einn mun kynna og vinna áfram með í framhaldi af vinnu sinni. Markmiðið var að vinna að útgáfu á bók með efni frá þátttakendum í þessum vinnubúðum og ráðstefnunni sem halda átti svo í ágúst 2020 á Íslandi um einsögu. Óhætt er að segja að bæði var allt tilbúið í Bandaríkjunum fyrir brottför okkar og við vorum búin að skipuleggja talsvert stóra ráðstefnu um einsögu (e. *microhistory*) og verkefnið okkar í ágúst 2020. Við vorum búin að bjóða nokkrum fjölda fræðimanna frá útlöndum á svið einsögurannsókna til þessarar samdrykkju og höfð allir þegið boð okkar. Öll þessi áform náðu ekki fram að ganga vegna Covid veirunnar og afleiðinga hennar. Öndvegisverkefnið okkar tók þannig nýja stefnu, það er frá því að leggja áherslu á nána samvinnu þátttakenda, oft á opinberum vettvangi, yfir í einstaklingsbundna nálgun hvers og eins.

Í einhverjum skilning má segja að verkefnið hafi misst flugið í nærfellt tvö ár þó svo að hver og einn kepptist við að vinna sína vinnu – hver í sínu horni.

Tíminn eftir Covid

Það var einkum fimm atriði sem við hrintum í framkvæmd eftir Covid hléið:

1. Stór sýning í Þjóðminjasafninu í Bogasalnum var opnuð í nóvember 2022 þar sem niðurstöðum rannsókna okkar voru gerð skil. Um var að ræða afgerandi kynningu á niðurstöðum öndvegisverkefnisins Heimsins hnoss. Sýningin stóð í tæpt ár.
2. Hluti af þátttakendunum í verkefninu Heimsins hnoss (2. þráður) tóku þátt í að undirbúa alþjóðlega ráðstefnu með rannsóknarhópi sem stendur fyrir verkefninu „Paper Trail“ sem Rannís hefur stutt. Þessi ráðstefna átti að fara fram árið 2021 en við þurftum að fresta henni vegna faraldursins. Henni var hins vegar hrint í framkvæmd vorið 2022 og tókst gríðarlega vel. Heimsins hnoss verkefnið bauð öðrum aðalfyrirlesara ráðstefnunnar, Dana Sajdi prófessor í Boston, til landsins og óhætt er að segja að hún hafi slegið í gegn.
3. Vorið 2022 tók stór hópur vísindamanna sem tilheyrðu Heimsins hnoss þátt í Söguþingi sem haldið var í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ en þinginu hafði verið frestað vegna Covid. Hópurinn var með tvær samliggjandi málstofur þar sem hluta af rannsóknarniðurstöðum verkefnisins voru reifaðar. Það voru 14 fyrirlestrar fluttir á okkar vegum.

4. Fimm meðlimir hópsins sóttu ráðstefnu í Osló í október 2022 sem fjallaði um efnimenningu á norðlægum slóðum. Þeir vísindamenn sem lögðu þar land undir fót eru nú með jafnmargar greinar í verki sem mun væntanlega koma út árið 2024 hjá Brill um efni ráðstefnunnar.
5. Haldin var lokaráðstefna með öllum þátttakendum verkefnisins Heimsins hnoss – innlendum og erlendum – í ágúst 2023. Þar var verkefnið gert upp og teknir saman þræði um leið og við auðguðum íslenskt rannsóknarsamfélag með fyrirlestrum hópsins og fimm erlendra gesta sem sóttu okkur heim. Ráðstefnan fór fram í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins en safnið var samstarfsaðili okkar í öndvegisverkefninu og stóð þétt við bakið á verkefninu. Alls voru 17 fyrirlestrar fluttir á ráðstefnunni.
6. Unnið var að kappi við að koma niðurstöðum hópsins út í tveimur ritgerðarsöfnum, öðru sem kom út á Íslandi 2022 og hinu sem verður gefið út hjá hinu þekktu alþjóðlega útgáfufyrirtæki Routledge árið 2024. Handritið hefur verið sent útgáfunni og er tilbúið til útgáfu. Báðar bækurnar voru í ritstjórn Davíðs Ólafssonar og Kristjáns Mímissonar.

Photos and figures relevant to the project (optional)









